



LANDSSAMBAND ÆSKULÝÐSFÉLAGA

Skýrsla LÆF 6. mars 2013

Kjörsókn og samfélagsþátttaka ungmenna á Íslandi

Landssamband Æskulýðsfélaga hefur verulegar áhyggjur af samfélagsþátttöku ungs fólks á Íslandi, skorti á upplýsingum um þá þátttöku og andvaraleysi stjórnvalda í þeim málaflokki.


Upplýsingar um kosningaþátttöku eru t.a.m. ekki teknar saman eftir aldri í neinum kosningum á Íslandi og eru því hvergi tiltækar, þrátt fyrir að slíkar upplýsingar séu mikilvæg vísbending um stöðu íslensks lýðræðis og æskulýðs og til dæmis teknar saman í Svíþjóð.¹ Þau gögn sem þó eru fyrir hendi gefa vísbendingu um að kosningaþátttaka ungs fólks á Íslandi sé umtalsvert minni en annarra aldurshópa og að hún fari minnkandi.

Íslenska kosningarannsóknin er rannsókn á kosningahegðun Íslendinga sem Ólafur Þ. Harðarsson hefur framkvæmt í öllum Alþingiskosningum frá árinu 1983.² Í könnuninni sem rannsóknin byggir á eru kjósendur m.a. spurðir hvort þeir hafi kosið í síðustu Alþingiskosningum og aldur þeirra er skráður.

¹ IDEA, „Electoral participation in Sweden“ http://www.idea.int/news/upload/Electoral_Participation_in_Sweden.pdf

² Íslenska kosningarannsóknin, http://www.fel.hi.is/islenska_kosningarannsoknin

Mynd 1. Kjörsókn eftir aldurshópum í Alþingiskosningum 1983-2009, áætlað miðað við Íslensku Kosningarannsóknina.




Í línuritinu hér að ofan er yfirlýst kosningaþátttaka í Íslensku Kosningarannsókninni frá 1983-2009 tekin saman eftir aldurshópum. Kosningaþátttaka er raunar nokkuð ofmetin í rannsókninni³ en í línuritinu er hlutfall svarenda í hverjum aldurshópi, sem segist hafa kosið, leiðrétt miðað við raunverulega kjörsókn (ekki gert ráð fyrir að ofmat sé mismunandi milli aldurshópa). Ljósrauða línan táknar yngsta aldurshópinn (18-24 ára), sú dökkrauða næstýngsta aldurshópinn (25-29 ára), bláa línan raunverulega kjörsókn og grænu línurnar aðra aldurshópa.

³ Samanburðir á gögnum úr Íslensku Kosningarannsókninni við gögn frá www.hagstofan.is <http://kosningasaga.wordpress.com/>

Eins og sjá má er kjörsókn yngstu aldurshópanna umtalsvert lægri en þeirra eldri auk þess sem hún virðist fara minnkandi og er sú þróun alvarlegust hjá kjósendum 18-24 ára. Vísbendingar um þetta má líka sjá þegar kosningaþátttaka í rafrænum kosningum Reykjavíkurborgar um verkefni í hverfum borgarinnar, Betri Hverfi 2012,⁴ þar sem kosningaþátttaka var almennt lítil miðað við Alþingiskoningar en sérstaklega áberandi lítil meðal ungs fólks, þrátt fyrir að kosningarnar væru rafrænar.

Mynd 1. Kjörsókn eftir aldurshópum í Betri Hverfi 2012.



⁴ http://www.nyskopunarvefur.is/betri_hverfi

Kosningaþátttaka, lýðræði og velferð

Gögn úr Íslensku Kosningarannsókninni og Betri Hverfi 2012 gefa sterkar vísbendingar um að kosningaþátttaka ungs fólks á Íslandi sé bæði mun minni en annarra aldurshópa og fari auk þess minnkandi.

Fyrri rannsóknir hafa komist að því að ánægja með lýðræðið almennt, sem og traust í garð stjórnvalda, hefur sterka fylgni við kosningaþátttöku einstaklinga.⁵ Þessir þættir fylgjast auk þess að við félagsauð; traust milli borgaranna sjálfra og samfélagsþátttöku í víðara samhengi, s.s. félagsstarf og hagsmunabaráttu.⁶ Allt er þetta nauðsynlegur hluti af lýðræðinu sjálfu og hefur auk þess ýmsa mikilvæga kosti í för með sér fyrir samfélagslega velferð almennt.⁷ Kosningaþátttaka þjóðfélags og þjóðfélagshópa getur því verið sterk vísbending um getu stjórnvaldamanna til þess að virkja þá til samfélagslegrar þátttöku, vinna sér inn traust þeirra og tengsl.⁸

Í samræmi við þessa mögulegu skýringu sýnir könnunin „Ungt Fólk 2010“, sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, að traust framhaldsskólanema á aldrinum 16-19 ára í garð Alþingis sé aðeins um 30%, mun minna en traust í garð kirkju, dómstóla og lögreglu.⁹ Almenn þátttaka í félagsstarfi og félagslífi virðist einnig fara minnkandi, sem er vísbending um að vandamálið sé víðtækt samfélagsvandamál sem stjórnvöld þurfa að bregðast heildrænt við.¹⁰

Þar sem heilbrigði lýðræðisþjóðfélaga veltur á þátttöku borgaranna, jafnræði þeirra og virkum tengslum við stjórnvöld getur það haft alvarlegar afleiðingar ef tiltekni þjóðfélagshópar missa tengslin við stjórnvald og samfélag; sérstaklega þegar sá þjóðfélagshópur er kynslóðin sem mun koma til með að taka við taumunum.

Vísbendingar um litla og/eða minnkandi kosningaþátttöku eru áhyggjuefni fyrir stjórnvöld hvarvetna. Á sama tíma og kosningaþátttaka hefur almennt farið hnignandi á heimsvísu¹¹ hefur sú hnignun verið sérstaklega áberandi meðal yngstu kjósendahópa.¹² Þessi þróun er sérstakt áhyggjuefni og er það ábyrgð valdhafa að taka hana alvarlega, leita

⁵ Grönlund, Kimmo og Setälä, 2007, "Political Trust, Satisfaction and Voter Turnout,"

⁶ Cox, 2003, „When Trust Matters: Explaining Differences in Voter Turnout“

⁷ Putnam, 2000, Bowling Alone

⁸ Kees Aarts: Electoral Turnout in West-European Democracies (2002)

⁹ Ungt fólk 2010 – Framhaldsskólanemar, <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk-2010-Vefutgafa-pdf.pdf> bls 53

¹⁰ Ungt fólk 2010 – Framhaldsskólanemar, <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk-2010-Vefutgafa-pdf.pdf> bls 31-44

¹¹ Sjá m.a.: Gerry Stoker, *Why Politics Matters* og *Parties Without Partisans: Political Change in Advanced Industrial Democracies* í ritstjórn Russell J. Dalton og Martin P. Wattenberg

¹² Goodyear-Grant, 2008, „Youth turnout: Adolescents' attitudes in ontario.“

upplýsinga um stöðu samfélagsþátttöku ungs fólks og bregðast við þeirri stöðu með markvissum hætti. Eða eins og segir í Hvítbók Evrópusambandsins um Æskulýðsmál frá árinu 2001:

„Ungt fólk í Evrópu hefur yfirleitt mjög mikinn áhuga á að hlúa að lýðræðinu og þá sérstaklega að nýta lýðræðisleg réttindi sín. Þó hefur borið á vantrausti þeirra í garð opinberra stofnana. Ungt fólk hefur ekki eins mikinn áhuga á hinum hefðbundnu stjórnmalalegu öflum (t.d. stjórnmalaflokkum og verkalyðsfélögum) og áður var. Skoðanir þeirra eru því ekki áberandi í umræðum og ákvarðanatökum. Félagasamtök ungs fólks finna fyrir þessu áhrifaleysi og gera sér grein fyrir þörfinni á breytingum.

Ekki má þó skilja þetta svo að ungt fólk hafi ekki áhuga á þjóðlífinu. Flest ungmenni vilja vera með í og hafa áhrif á mikilvægar ákvarðanatökur en þau vilja gera það annars staðar en í stjórnmalahreyfingum og/eða stofnunum. Það er hlutverk valdhafanna að brúa það bil sem myndast hefur á milli áhugasamra ungmenna og stjórnkerfisins. Verði það ekki gert getur það haft slævandi áhrif á þegnskap almennings og jafnvel leitt til mótmæla.“¹³

Þetta hlutverk mega valdhafarnir ekki vanrækja, eða með orðum Kofi Annan, þáverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna, frá árinu 1998:

“No one is born a good citizen; no nation is born a democracy. Rather, both are processes that continue to evolve over a lifetime. Young people must be included from birth. A society that cuts off from its youth severs its lifeline.”

Stuðningur við samfélagsþátttöku ungs fólks á Íslandi

Í samantekt sem LÆF tók saman og birti þann 9. október árið 2012, um fjárútlát ríkisins til æskulýðsmála og stöðuna í málaflokknum, kemur fram að skilgreiningar í lögum og stuðningur hins opinbera við æskulýðsstarf á Íslandi hafa hingað til engan greinarmun gert á starfi með börnum annars vegar og starfi með ungmennum hins vegar.¹⁴

Þannig miðast æskulýðslög við „æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6-25 ára“¹⁵ án þess að greint sé á milli barna og ungmenna, þrátt fyrir að enska hugtakið „youth“ og sú stefna SP og ESB sem fjallar um þann aldurshóp miðist að mestu við


¹³ Evrópusambandið, Hvítbók – ungt fólk í Evrópu, 2001, bls. 8

¹⁴ Landssamband Æskulýðsfélaga, „Samantekt á fjárútlátum ríkisins til æskulýðsmála og staðan í málaflokknum“, <http://www.aeska.is/samantekt-um-stodu-aeskulydsmala/>

¹⁵ Lög nr. 70 28. mars 2007. <http://www.althingi.is/alttext/stjt/2007.070.html>

um 15-24 ára ungmenni.¹⁶ Til þess að Ísland teljist samanburðarhæft á alþjóðavísu í æskulýðsstarfsemi og stuðningi við hana er því nauðsynlegt að greina sérstaklega á milli barna og ungmenna í lögum og stefnu hins opinbera og styðja á fullnægjandi hátt við hvoru tveggja. Sé stuðningur ríkisins við æskulýðsmál sundurgreindur á þann hátt kemur í ljós það sem virðist vera alvarlegur skortur á stuðningi við íslensk ungmenni:

Hlutfallsleg skipting fjármagns á milli starfsemi með börnum annars vegar og ungu fólki hinsvegar árin 2002 til 2012



Taka verður þessu myndriti með fyrirvara vegna þess að sú flokkun sem það byggir á er ekki óumdeild¹⁷

Með því að taka stuðning hins opinbera saman með þessum hætti er Landssamband Æskulýðsfélaga *alls ekki að gera lítið úr mikilvægi æskulýðsstarfsemi með börnum og stuðningi hins opinbera við hann eða að leggja til að dregið verði úr honum*. Hins vegar er nauðsynlegt að horfa einnig til ungmenna og sjá til þess að hið opinbera styðji við samfélagsþátttöku þeirra og þau æskulýðsfélög sem með þeim starfa með fullnægjandi hætti. Samantekt LÆF bendir til þess að sá stuðningur sé langt frá því fullnægjandi og ofangreind samantekt á vísbindingum um kosningaþátttöku og samfélagsþátttöku ungmenna er dæmi um þær alvarlegu afleiðingar sem sú vanræksla getur haft fyrir íslensk ungmenni og samfélagið í heild.

¹⁶ Landssamband Æskulýðsfélaga, „Samantekt á fjárútlátum ríkisins til æskulýðsmála og staðan í málaflokknum“, <http://www.aeska.is/samantekt-um-stodu-aeskulydsmala/>

¹⁷ **Á vegum ríkisins** = Æskulýðsráð ríkisins, Æskulýðsrannsóknir og Æskulýðssjóður

Starfsemi með börnum = Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Útillfsmiðstöð skáta Úlfliótsvatni, Landssamband KFUM og KFUK, Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi

Starfsemi með ungu fólki= liðurinn „Æskulýðsmál“

Lokaorð

Engin gögn eru til um kjörsókn eftir aldurshópum á Íslandi en vísbendingar eru um að hún sé afar lítil og fari lækkandi. Þar sem kjörsókn er bæði mikilvæg í sjálfu sér, sem og hluti af virku og heilbrigðu lýðræðisþjóðfélagi og vísbending um samfélagslega þátttöku og velferð í víðara samhengi, er nauðsynlegt að afla frekari upplýsingar um stöðu þeirra mála. Því fer Landssamband Æskulýðsfélaga fram á að kosningaþátttaka á Íslandi sé skráð eftir aldurshópum, rannsóknir á sviðinu eflar verulega og stutt mun betur við æskulýðsstarf og félagsstarf íslenskra ungmenna en nú er gert. Hætta er á að varanleg gjá myndist milli stjórnvalda og ungmenna á Íslandi ef ekkert er að gert.